

Stjórnarfundur STEFs 21. júní 2023 / Fundargerð - útdráttur

Að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs kl. 10:00 miðvikudaginn 21. júní 2023.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Hallur Ingólfsson, Púriður Jónsdóttir og Sigríður Thorlacius. Sigurður Flosason boðaði forföll og fundinn sat varamaður hans, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson. Páll Ragnar Pálsson forfallaðist einnig og mætti Hafdís Bjarnadóttir í hans fjarveru. Eyþór Gunnarsson boðaði forföll, en með skömmum fyrirvara, þannig að ekki tókst að fá inn varmann hans. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 11. maí, svo og útdráttur úr fundargerð lögð fram og samþykkt.

Fundargerð aðalfundar fulltrúaráðs frá 17. maí 2023 var lögð fram til upplýsingar. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina.

2. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum var lagt fram.

Undir þessum lið voru eftirfarandi skjöl lögð fram:

1. Verðskrá STEFs fyrir dansskóla.
2. Stefnumótun NCB til framtíðar (trúnaðarmál).
3. Drög að dagskrá málþings um gervigreind og höfundarétt.
4. Uppgjör ÍTV og DÍT.
5. Sáttatillaga STEFs vegna ágreinings við RÚV fyrir úrskurðarnefnd.
6. Leiðbeiningar um skráningu verka sem samin eru með aðstoð gervigreindar.
7. Tilkynning um Miðsumarsúthlutun 2023 og upplýsingar um úthlutunina ásamt fjárhagsstöðu.

3. Niðurstöður úr könnun Gallup fyrir STEF um vörumerkjavitund lagðar fram.

Þessum lið hafði verið frestað á síðasta stjórnarfundum.

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðurnar, sem gefa viðmið um árangur í fyrirhuguðu samfélagsmiðlaátaki. Niðurstöðurnar sýna að karlar þekkja vörumerkið betur en konur og yngsti aldurshópurinn hefur minnsta þekkingu á vörumerkinu. Í heild þekkja um 4% starfsemina vel, um 28% þekkja nokkuð til starfseminnar og um 40% til viðbótar hafa heyrt um STEF, en telja sig ekki þekkja til starfseminnar mikið. Um 28% segist aldrei hafa heyrt til STEFs. Af þeim sem þekkja til vörumerkisins hafa um 40% jákvætt viðhorf til STEFs, um 50% segjast hvorki hafa jákvætt né neikvætt viðhorf en um 10% eru með neikvætt viðhorf.

Gallup hafði bætt við spurningu er sýndi samanburð vörumerkjavitundar STEFs við 300 önnur íslensk vörumerki. Vörumerkið STEF er þar að skora svipað og vörumerki t.d. fasteignafélaga, sem eru á fyrirtækjamarkaði eins og STEF.

4. Verðskrá STEFs fyrir minni tónleika – lágmarksverð o.fl.

Til umræðu í framhaldi af fulltrúaráðsfundi STEFs í maí. Á fundinum kom fram það sjónarmið, að fyrir t.d. þá sem halda tónleika þar sem fyrst og fremst sígild- og samtímatónlist er spiluð, telst það mjög gott að ná 100 áhorfendum. Hins vegar gefa höfundaréttargjöld af tónleikum af þessari stærðargráðu mjög litlar tekjur til höfunda, hvort sem miðað er við lágmarksgjöld eða almenna verðskrá (4,24%) STEFs.

Ákveðið var að skoða þessi mál betur og munu bæði fulltrúar TÍ og FTT í stjórn ræða við sitt bakland áður en lengra verður haldið. STEF mun einnig hafa samráð við Bandalag íslenskra tónleikahaldara (BÍT) áður en nokkur ákvörðun er tekin um breytingu á verðskrá tónleika.

5. VR könnun – Gallup. Niðurstöður kynntar stjórn.

Ofangreind könnun hefur verið lögð árlega fyrir starfsfólk STEFs og greinir hún viðhorf starfsfólks til ýmissa þátta í tengslum við starfsemina.

6. Sjálfsmat stjórnar 2022-2023 lagt fram.

Þessum lið hafði verið frestað á síðasta stjórnarfundum. Formaður kynnti niðurstöður sjálfsmatsins.

7. Önnur mál

a. Beiðni FTT um styrk vegna 40 ára afmælis félagsins.

Ákveðið var að verða við styrkbeiðninni, enda fordæmi fyrir samskonar styrkjum bæði til FTT og TÍ á stórafmælum. Veittur var styrkur að fjárhæð kr. 1 milljón.

b. Tónlistarmiðstöð.

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu bráðabirgðastjórnar *Tónlistarmiðstöðvar* og fyrirhugaðan stofnfund, svo og húsnæðismál. Þá var kynnt að STEF þyrfti að tilnefna fulltrúa sinn (aðal- og varamann) í stjórn miðstöðvarinnar fyrir stofnfundinn.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:30.